# Foreldrafélag Arnarsmára
# Fréttabréf haustið 2021

Nýlega var haldinn félagsfundur þar sem kosið var til stjórnar. Stjórn foreldrafélags Arnarsmára veturinn 2021-2022:

Formaður: Dúna Baldursdóttir

Varaformaður: Vilborg Hrund Kolbeinsdóttir

Gjaldkeri: Hanna Björk Geirsdóttir

Ritari: Ásta Rós Sigtryggsdóttir

Á fundinum var einnig farið yfir hlutverk foreldrafélagsins og hvaða viðburði félagið stendur fyrir. Undanfarin ár hefur foreldarfélagið séð um að borga rúturnar i sveitaferðina (Guðmundarlund í fyrra) á vorin, pizzur eða annað matarkins á sumarhátíðinni, jólasveinana á jólaballinu, leikrit í desember og jólagjafir. Foreldrafélagið ætlar að viðhalda hefðinni þetta skólaárið.

Gíróseðlar frá foreldrafélagi Arnarsmára verða sendir fljótlega í heimabanka foreldra/forráðamanna barna í Arnarsmára. Gjaldið fyrir skólaárið er 5900 kr fyrir eitt barn og 8900 kr fyrir tvö börn og vonumst við til að sem flestir sjái sér fært um að borga svo við getum haldið áfram að gera góða og skemmtilega hluti fyrir krakkana okkar!

**Næst á dagskrá:**

Jólaföndur verður haldið í Arnarsmára laugardaginn 4. Desember kl. 10:00 – 13:00, þar sem piparkökur verða skreyttar með glassúri og boðið verður upp á mandarínur og heitt súkkulaði. Það kostar 500 kr per fjölskyldu. Hlökkum til að sjá sem flesta.



